



# Kiwaniis®

KIWANISUMDÆMIÐ ÍSLAND-FÆREYJAR

## **Fundargerð umdæmisstjórnarfundar nr. 2 Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar, haldinn að Bíldshöfða 12, Reykjavík, laugardaginn 26. nóvember 2016 kl. 10.**

### Dagskrá:

1. Fundur settur – kynning fundarmanna
2. Skýrsla umdæmisstjóra
3. Skýrsla umdæmisritara
4. Skýrsla umdæmisféhirðis
5. Skýrsla kjörumdæmisstjóra, formanns Stefnumálanefndar og tengiliðar gagnagrunns KI
6. Skýrslur svæðisstjóra
7. K-dagsnefnd
8. Hjálmanefnd
9. Styrkjanefnd
10. Internetnefnd
11. Kynningar og markaðsnefnd
12. Þingnefnd
13. Ferðanefnd
14. Fræðslunefnd
15. Önnur mál

**Mættir:** Haukur Sveinbjörnsson umdæmisstjóri, Konráð Konráðsson kjörumdæmisstjóri, tengiliður gagnagrunns KI og formaður stefnumótunarnefndar, Gunnsteinn Björnsson fráfarandi umdæmisstjóri og formaður kynningar- og markaðsnefndar, Eyþór Einarsson verðandi kjörumdæmisstjóri, Magnús Helgason umdæmisféhirðir, Jóhannes Kristján Guðlaugsson svæðisstjóri Freyjusvæðis, Sámál Bláhamar svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Benedikt Kristjánsson svæðisstjóri Óðinssvæðis, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir svæðisstjóri Ægissvæðis, Petrína Ragna Pétursdóttir fyrir hjálmanefnd, Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar, Sigurður R. Pétursson formaður Styrktarsjóðs, Kristján G Jóhannsson formaður fjárhagsnefndar, Kristinn Örn Jónsson formaður þingnefndar, Tómas Sveinsson Internetnefnd, Björn Baldvinsson ferðanefnd, Sigurður Einar Sigurðsson umdæmisritari **Fjarverandi:** Andrés K Hjaltason formaður Tryggingarsjóðs, Óskar Guðjónsson formaður laganefndar og tengiliður við Einherja, Styrktarsjóður KI-EF og varaforseti Evrópu KIEF, Guðlaugur Kristjánsson formaður fræðslunefndar, Ólafur Jónsson formaður hjálmanefndar og Jóhann V. Sveinbjörnsson svæðisstjóri Sögusvæðis.



## 1. Fundur settur

Haukur Sveinbjörnsson umdæmisstjóri setti fund og bauð fundarmenn velkomna og bað þá að kynna sig. Að því loknu kynnti hann dagskrána og nefndi að fundurinn yrði samfelldur en með stuttum kaffipásam og borðað yrði saman eftir umdæmisfund.

## 2. Skýrsla umdæmisstjóra

Umdæmisstjóri fór yfir skýrslu sína og breytingar sem eru áætlaðar í KI-EF á aukapingi í janúar, farið verður betur yfir það undir liðnum önnur mál. Haukur nefndi að hann ætli á svæðisráðsfund Ægissvæðis næstu helgi.

## 3. Skýrsla umdæmisritara

Umdæmisritari fór yfir skýrslu sína og nefndi að skil mánaðarskýrsla væri betri. Sjö klúbbar hafi þó ekki enn skilað októberskýrslu eða um 20% klúbba.

## 4. Skýrsla umdæmisféhirðis

Umdæmisféhirðir Magnús Helgason kom næstur og sagði að drög að ársreikningi síðasta starfsárs fylgdi skýrslu hans og að búið sé að senda hann til endurskoðunar, Magnús fór yfir fjármálin og starf sitt. Magnús þakkað einnig fyrir vel heppnaðar breytingar á húsnæðinu hér á Bíldshöfðanum eftir það vatnstjón sem umdæmið lenti í, en félagar í Kiwanisklúbbum Höfða hafa séð um þessar framkvæmdir. Spurt var um leigu á Kiwanissalnum og borgar utankomandi 60.000 kr en Kiwanisfélagi 30.000 kr fyrir salinn og eru þrif á honum innifalin í verði.

## 5. Skýrsla kjörumdæmisstjóra

Konráð Konráðsson sagði frá fræðslu til USA og áherslur kjörheimsforseta Jim Rockford en þær snúast að fjölgun klúbba. Ekki hafa verið jafn fáir í Kiwanis síðan árið 1953. Hópur fyrir fjölgun kallast Eye of the Tiger og er Óskar Guðjónsson kjörforseti Kiwanis Evrópu í honum. Konráð er í sérstökum Evrópu hóp sem Piero Grasso næsti forseti Kiwanis Evrópu hefur stofnað um samstarf milli umdæma. Konráð fór yfir stefnumálafundinn og nefndi að hann hefði verið vel heppnaður og að frumniðurstöður yrðu sendar út fyrir jól en á næsta



# Kiwaniis®

KIWANISUMDÆMIÐ ÍSLAND-FÆREYJAR

umdæmisfundi yrðu lokaniðurstöður kynntar. Nefndi hann að fræðsla svæðisstjóra yrði 25.mars 2017.

## 6. Skýrslur svæðisstjóra

Økisstjóri / Svæðisstjóri Færeyjasvæðis Kiwanis- Føroyar Sámal Bláhamar kynnti sig og áherslur sínar. Ræddi Kiwanisdúkku verkefnið sem hófst með fjölmenum blaðamannafundi í Kiwanishúsinu Þórshöfn, fékk fyrirtækið Dugni sem vinnur með fötluðum til að vera með í því og fá þeir efni frá þvottahúsi Landsspítalans í Færeyjum. Það eru um ellefuhundruð börn sem á hverju ári leggjast inn á spítalann. Verð hveirrar dúkku er um 35 FKR. Ennfremur ræddi hann áherslur sínar á að efni frá Kiwanishreyfingunni væri þýtt yfir á Færesku

Emelía Dóra Guðbjartsdóttir, svæðisstjóri Ægissvæðis fór yfir sín störf en mikið og gott starf er verið að vinna í svæðinu og lýsti Emelía ánægju sinni með stefnumótunarfundinn sem haldinn var í Hafnarfirði fyrr í mánuðnum, Emelía sagði jafnframt að riturum finnst formið á skýrslum í gagnagrunninum flókið en að Sigurður Einar umdæmisritari væri búinn að bæta úr því með því að gera leiðbeiningar fyrir skýrslugerðina sem eru komnar inn á [kiwanis.is](http://kiwanis.is)

Svæðisstjóri Freyjusvæðis, Jóhannes Kristján Guðlaugsson fór lauslega yfir sín störf og það sem er að gerast í svæðinu, Jóhannes sagði m.a að K- lykkillinn sem húslykill væri barn síns tíma þar sem miklar breytingar væru á lyklakerfum í heimahúsum og varpaði því fram hvort ekki væri hægt að nota minnislykil í staðinn. Ennfremur nefndi hann að Freyjusvæði væri komið með lokaða fésbókarsíðu og yrðu þar birtar skýrslur klúbba og svæðisráðsskýrslur.

Svæðisstjóri Óðinssvæðis, Benedikt Kristjánsson kynnti sig og fór yfir sitt starf og sagði m.a að hann vildi hafa stjórnarskipti í klúbbunum í sínu svæði sameiginleg og sendi í framhaldi spurningar út í klúbbana til svara og yrði efnið notað á Svæðisráðsfundi. Benedikt er búinn að heimsækja alla klúbba nema Grím í Grímsey en hann ætlar að heimsækja þá í apríl. Benedikt hélt góða tölu yfir fundarmönnum í restina um fundarsköp og virðingu í hreyfingunni.

Sigurður Einar Sigurðsson kjörsvæðisstjóri Sögusvæðis las skýrslu Jóhanns V.

Sveinbjörnssonar svæðisstjóra í fjarveru hans. Nefndi hann að vel hefði gengið að vera með netfund í gegnum Skype for Business kerfið eftir smá tengingarörðuleika en umdæmið er að



# Kiwaniis®

KIWANISUMDÆMIÐ ÍSLAND-FÆREYJAR

fá leyfi frá Microsoft að nota Office 365 pakkann ókeypis vegna stuðning við sjálfbodafélög eða non profit organization .

## **7. K-dagsnefnd**

Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar fór yfir starf nefndarinnar og framkvæmd við sölua. Hefði hann sent póst á 150 fyrirtæki um að styrkja söfnunina og enn væri að koma inn í söfnunina vegna þess. Gylfi sagði að nokkrir styrktarsjóðir klúbba ætli að styrkja söfnunina. Á reikning væri 18.5 milljón þegar búið væri að borga útistandandi reikninga. Talan myndi líklega hækka í 20 milljónir þegar allt væri komið. Veltan hefði verið 28-30 milljónir. Stefnt væri að hafa K-dag eftir tvö ár og ræða við aðra sem væru að selja á sama tíma til þess að reyna fá sátt á milli en komið hefði fram núningur við aðra sem voru að selja á svipuðum tíma. Rætt var möguleika á sjónvarpssöfnun en vegna kostnaðar hefði ekki komið til framkvæmda en sérstaklega hefði það verið skoðað 2011 en ekki í þetta sinn. Nefndar voru sjónvarpstöðvar sem mögulega væri hægt að haf samband við. Vildu flestir að í næstu söfnun yrði sá möguleiki skoðaður. Vegna fyrirspurnar með sölu á minnislyklum hefði ekki orðið að því vegna kostnaðar. Haukur og Gunnsteinn hefðu kynnt verkefni í Prag og hefði það fengið mikla athygli. Gunnsteinn nefndi að myndbandsauglýsingunni yrði komið áfram til Kiwanis Evrópu en í Prag virkaði ekki að sýna myndbandið. Allir hefðu þó fengið Youtube linkinn sendan. Ræddu fundarmenn um K-dag og kom fram að það hefði verið betra að hafa fleiri posa, ennfremur gekk misjafnlega að fá sölufólk klúbbum til aðstoðar.

## **8. Skýrsla Hjálmanefndar**

Ólafur Jónsson formaður hjálmanefndar átti ekki heimgengt en Petrína Ragna Pétursdóttir í hjálmanefnd flutti skýrslu hjálmanefndar, nefndi hún að Ægissvæði væri búið að skila tölum um hjálma en hin ættu það eftir. Svæðisstjórar eru hvattir til yfirfara nöfn tengla í klúbbum og ýta á svæðishjálmatengla til að senda hjálmapöntunartölur til hjálmanefndar.



## 9. Skýrsla Styrktarsjóðs

Sigurður R. Pétursson formaður styrktarsjóðs ræddi um að beðið væri leyfis frá KI USA um leyfi til a nota vörumerki KI á vörum fyrir umdæmið. Styrktarsjóður er með inná reikningi sjö milljónir og væri styrktarnefnd farin að huga að úthlutun. Vel hefði gengið að selja stjórnur á þessu ári og hefðu verið seldar stjórnur fyrir 1.5 milljón. Gullstjórnur með rúbín eru farnar að hreyfast en þær eru stærstu viðurkenningar sem hver klúbbur getur veitt félaga.

## 10. Skýrsla Internetnefndar

Tómas Sveinsson formaður Internetnefndar og var ánægður með þær fréttir sem hafa borist á vefinn ásamt nýjum eyðublöðum og fleira efni. Nú væri að hefjast vinna við Office 365 sem verið er að taka í notkun og býður uppá mikla möguleika fyrir okkur. Nú þarf að setja fyrst umdæmisþótföng inn á Office 365 aðganginn eftir það kæmu svæðin og endað á klúbbunum. Internetnefnd þarf að fá góða tölvumenn i hverju svæði fyrir sig til að sjá um svæðin og koma nýja kerfinu í gagnid.

## 11. Skýrsla Kynningar- og markaðsnefndar

Gunnsteinn Björnsson kynnti skýrslu sína og sagði frá undirbúningi við stefnumótunarþingið. Hann fór einnig yfir vörumerkjanotkun Kiwanis og fleira sem er í gangi hjá nefndinni. Gunnsteinn hvatti félaga til að halda merki Kiwanis á lofti og tala um þessi frábæru verkefni sem við erum að kynna af hendi eins og K-lykil og hjálmaverkefnið. Gunnsteinn minnti alla á að nefndin væri klúbbum sem og svæðum til aðstoðar. Ávallt er hægt að koma áfram góðum verkefnum til Evrópu og USA.

## 12. Skýrsla Þingnefndar

Kristinn Örn Jónsson formaður þingnefndar 47. umdæmisþings sagði allt sé á fullu hjá þeim félögum fyrir norðan við undirbúning þingsins sem verður á Akureyri daganna 22. - 23. september 2017 í Íþróttahöllinni. Búið er að skipa undirbúningsnefnd og í henni eru, Kristinn Örn Jónsson, Helgi Pálsson og Stefán Jónsson allir félagar í Kiwanisklúbbnum Kaldbaki á Akureyri. Við teljum gott að vera 3 í nefndinni til að byrja með en verður fjölgað þegar nær dregur. Birtar verða nánari upplýsingar eru um þingið á kiwanis.is. Í skýrslu



Þingnefndar er sagt frá gistimöguleikum og þarf að vera búid að panta fyrir 1.maí í síðasta lagi en nýir möguleikar eru komnir fram. Umræða var um að félagar séu vel klæddir á Galaveislu og þingi, setja þarf kröfu um spariklæðnað á Galaveislu.

### **13. Skýrsla Ferðanefndar Kiwanis**

Björn Baldursson kom næstur fyrir ferðanefnd og sagði frá væntanlegri ferð á þingið í París næsta sumar og þá ferðatilhögun sem verður í þessari ferð en, nánari upplýsingar eru á [kiwanis.is](http://kiwanis.is) og skýrslu nefndar. Í dag eru 40 manns bókaðir í Frakklandsferðinna. Enn búast má við fleirum fulltrúum á heimsþing KI og Evrópuþing KI-EF.

### **14. Skýrsla Fræðslunefndar**

Sigurður Einar umdæmisritari las skýrslu Fræðslunefndar en formaður hennar Guðlaugur Kristjánsson var staddur í Prag í þjálfun hjá Kiwanis.

### **15. Önnur mál.**

Magnús Helgason sagði frá tilboði í þýðingu 6.700 FKR á umdæmislögum yfir á færeysku og var tilboðið borið undir atkvæði. Umdæmisstjórn samþykkti framkomið tilboð með öllum greiddum atkvæðum.

Gunnsteinn Björnsson lagði fram ályktun og var hún samþykkt af öllum greiddum atkvæðum.

### **Ályktun umdæmisstjórnarfundar**

Umdæmisstjórnarfundur Kiwanisumdæmisins Ísland Færeyjar hefur miklar efasemdir um að tillaga um beina setu Evrópuforseta í stjórn KI sé framfaraskref því vill fundurinn beina því til Evrópustjórnar að taka þessa tillögu af dagskrá og leggur til að umræða fari fram um samskipti og skipan fulltrúa KI-EF gagnvart KI í breiðum hóp félaga um Evrópu þar sem skoðaðir verða fleiri möguleikar en þessi eini til að ná því markmiði að starf okkar Kiwanis félaga verði sem skilvirkast. Að taka slíka tillögu fyrir á aukapingi í janúar þar sem að líkindum fáir fulltrúar munu sækja er ekki í anda lýðræðis og leggst þessi fundur alfarið gegn því.



# Kiwaniis®

KIWANISUMDÆMIÐ ÍSLAND-FÆREYJAR

The district board Kiwanis district K39 Iceland-Faroe have serious doubts about the proposal for direct representation (amendment to art. XI KI-EF Bylaws) is a step forward. Therefore the meeting agreed to urge the European Board to reconsider this proposal and open debate in the districts and among Kiwanis member of how communication and of representation of KI-EF in KI board is best done in the future, and there will be more than one option looked at in how the representation in KI board can be most effective for all Kiwanis members in Europe. Putting such proposal of the floor in special assembly in January where probably few members will attend is not in the spirit of democracy and the board meeting of Iceland-Faroe are entirely against that procedure.

Approved by the board meeting of district Iceland-Faroe held on 26th November 2016 unanimously.

### **Greinargerð með ályktunni.**

Tillagan snýr að því að kjör til Evrópuforseta sé jafnframt til embættis fulltrúa í stjórn KI og ástæða þess að tillagan kom fram er upplifun Evrópustjórnar að tengsl og boðleiðir milli KI-EF og KI séu ekki nógu góðar. Þessi breyting munu þjappa saman valdi í Evrópu og lengja starfstíma þess sem býður sig fram til Evrópuforseta það má því búast við færri gefi sig fram til slíks embættis og líkur til að fólk á vinnumarkaði verði ekki tilbúið til að binda sig í svo langan tíma og það er ekki í þeim anda að fá fleira yngra fólk til liðs við hreyfinguna. Ekki er það heldur til að fjölga þeim sjónarmiðum sem heyrast frá Evrópu. Starf í stjórn KI sem fulltrúi snýr ekki bara að því að vera vel inni málefnum Evrópu heldur þurfa menn að kynna sér málefni Kiwanis um allan heim, jafnframt yrði fulltrúi Evrópu aldrei „Trustee“ á þriðja ári en það eru þeir fulltrúar sem eru í framkvæmdastjórn Kiwanis það má því segja að fulltrúar Evrópu yrðu nokkurs konar annars flokks fulltrúar. Engin umræða hefur farið fram í umdæmunum um þetta mál og er það ekki í anda þess lýðræðis sem á að vera í Kiwanis hreyfingunni það svona ákvarðanir sé teknar af fáum félögum. Sé það rétt að samskipti KI-EF og KI séu ekki í lagi er rétt að ræða það og það má sjá fyrir sér fleiri en eina leið til að bæta þar úr. Þessi tillaga kom fram á síðast ári á fundi í október tillagan var lögð fram á ófullnægjandi hátt (tillaga var ekki send fyrir fund og ekki leitað afbrigða við afgreiðslu) og



# Kiwaniis®

KIWANISUMDÆMIÐ ÍSLAND-FÆREYJAR

var því ekki tæk til umfjöllunar þá síðan hefur alltaf verið forðast að umræða fari fram um tillöguna efnislega heldur var öll umfjöllun um hvort afgreiðsla síðasta árs var lögleg eður ei því er algjörlega ótækt að tillagan komi til afgreiðslu aukaársþings á þess að umræða fari fram í umdæmunum um tillöguna efnislega.

Kynnt voru fyrirmyndamarkmið sem auka möguleika klúbba að ná fyrirmyndamarkmiðum 2016-2017. Benedikt svæðisstjóri Óðinssvæðis hafði efasemdir með gagnsemi fyrirmyndaklúbbmerkja. Nefndi hann hugmyndir sem hann væri að þróa að fá fyrirtæki til að styrkja einstaklinga til að ganga í Kiwanis vegna kostnaðar.

Konráð kjörumdæmisstjóri þakkaði fyrir skýrslur fundarmanna og kvaddi svo.

Eyþór verðandi kjörumdæmisstjóri var með kynningu á Office 365 netkerfinu og möguleikum þess.

Fyrirspurn kom um Tryggingarsjóð og erfiðleika um að fá leiðréttingar á reikningum frá honum.

Töluvert ónæði var frá framkvæmdum á efri hæð Bíldshöfða síðasta hálf tímamann.

## **11. Fundarslit**

Haukur Sveinbjörnsson þakkaði fyrir góðan fund og sleit svo fundi kl 14.00.

Fundargerð ritaði

Sigurður Einar Sigurðsson

umdæmisritari